

Fundur í Betadeild þriðjudaginn 18. október 2011

Fundarstaður: Lundarskóli á Akureyri

- Dagskrá:
1. Setning fundar .
 2. Fundargerð síðasta fundar lesin auk fundargerð haustferðar.
 3. Inntaka nýrra félaga
 4. Erindi um einelti stúlkna, Ingibjörg Auðunsdóttir
 5. Gjaldkeri gerir grein fyrir ársreikningi
 6. Kaffi og happdrætti (Fríða Pétursdóttir fékk síðasta vinning)
 7. Umræður um vetrardagskrána
 8. Fundi slitið

1. Þorgerður setti fund og bauð fundarkonur velkomnar. Hún bar kveðjur frá konum sem ekki gátu mætt. Auk þess las hún bréf frá Gunnlaugu Friðriksdóttur þar sem hún sagði sig úr deildinni í ljósi þess að hún hefur skipt um starfsvettvang og starfar ekki lengur að fræðslumálum. Hún bar fyrir kveðjur frá Gunnlaugu með þökkum fyrir samstarfið og samveruna. Þorgerður þakkaði einnig Gunnlaugu fyrir samveruna í Betadeild.
2. Hanna las upp fundargerð til samþykktar frá síðasta fundi sem haldinn var í Hrafnagilsskóla 26. september. Ein athugasemd kom um orðalag og verður henni breytt til samræmis. Fundargerðin var samþykkt með þeirri breytingu.
3. Inntaka nýrra félaga. Tvær nýjar konur voru teknar inn í deildina, en það eru þær Fríða Pétursdóttir kennari í VMA og Sigríður Magnúsdóttir kennari í Brekkuskóla. Voru þær boðnar hjartanlega velkomnar með góðum óskum.
4. Orð til umhugsunar. Ingibjörg Auðunsdóttir flutti okkur orð til umhugsunar sem var einskonar inngangur að erindi hennar um einelti stúlkna. Ingibjörg sagði okkur frá hversu falið einelti stúlkna væri oft á tíðum og erfitt að uppræta það. Það hefði á sér allt annan blæ en einelti í strákahóp og mun styttra væri síðan byrjað var að rannsaka einelti í þeirra hóp eða einungis tuttugu ár. Var gerður góður rómur að erindi Ingibjargar og þó nokkurt spjall og vangaveltur urðu um efnið.
5. Gjaldkeri gerir grein fyrir ársreikningi. Sigrún gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningum deildarinnar. Örlítill halli var á starfseminni þetta árið en afgangur frá fyrri árum gerði það þó að verkum að um 23.000 krónur voru inn á reikningi deildarinnar í haust. Elísabetarsjóðurinn stendur í 670.669 þúsundum króna. Hanna rifjaði upp tilurð Elísabetarsjóðsins og rætt var að skipa þyrfti nefnd sem sæi um sjóðinn og ákvæði upphæðir til úthlutunar. Einnig þyrfti að rifja upp reglur hans og koma þeim síðan á vefinn. Sigrún bar upp tillögu um að þær sem fóru á Evrópuþingið síðastliðið sumar myndu fá styrk upp á 50.000 krónur hvor og var það samþykkt.
6. Kaffiveitingar og happdrætti. Kaffiveitingar voru í boði Önnu Þóru Baldursdóttur og Rósu Júlíusdóttur. Dreigið var í happdrættinu og fékk Anna Þóra Baldursdóttir vinninginn.
7. Umræður um vetrardagskrána. Þorgerður kynnti og bar upp nýja hugmynd að vetrardagskránni sem felur það í sér að konum er skipt í 4-5 manna hóp og tekur hver hópur að sér að sjá um einn fund eftir áramótin. Er þetta gert til að virkja betur félagskonur í starfi deildarinnar en það var m.a. eitt af því sem fram kom að þyrfti að gera í hópastarfinu á síðasta fundi að. Hugmynd Þorgerðar var samþykkt.
8. Engin mál komu upp undir liðnum önnur mál.

Fundi slitið. Eygló Björnsdóttir